

Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa foreldra um skólaráð

SAMFOK hefur lengi fengið þau skilaboð frá foreldrum að töluvert vanti upp á að starfsemi skólaráða sé samkvæmt lögum og reglum. Við teljum það mjög alvarlegt þegar ráðin eru ekki rétt skipuð og starfsemi þeirra ekki samkvæmt lögum og reglum. Enda er þá ekki um sannarlegt samstarf að ræða.

Var því ákveðið að kanna stöðuna og í lok janúar 2020 var send út könnun til skólaráðsfulltrúa í 39 skólum í borginni og þau beðin um að svara nokkrum spurningum um skipan og starfsemi skólaráða. 56 aðilar frá 37 skólum svöruðu könnuninni.

Þar kom m.a. í ljós að:

34% voru ekki kosin heldur tóku að sér hlutverkið eftir að hafa verið beðin um það.

50% eru ekki með varamanneskju og 12,5% eru ekki viss.

16% segja að skólaráðið sé ekki rétt skipað, það vanti einhverja fulltrúa eða séu fleiri fyrir einhverja.

12,5% segja að skólaráðið sé ekki með starfsáætlun og 14,3% eru ekki viss.

85,7% segja að haldnir séu skólaráðsfundir reglulega en spurð nánar út í hversu oft fundir eru þá er það mjög misjafnt, allt frá einu sinni í mánuði (um 40%) í aldrei, einu sinni á önn og 4-6x eða 7x á skólaárinu.

23,2% segja að fundargerðir ráðsins séu ekki birtar á heimasíðu skólans og einhver segja að það þurfi að reka á eftir því eða að þar séu einungis gamlar fundargerðir.

35,7% segja að ekki hafi verið fundað með stjórn nemendafélagsins á skólaárinu.

64,3% segja að ekki hafi verið haldinn opinn fundir fyrir aðila skólasamfélagsins.

Það er ljóst af þessari könnun að mikið vantar upp á að skólaráðin starfi samkvæmt reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Þegar skoðuð eru svörin frá hverjum og einum kemur í ljós að það er **engin** skóli sem uppfyllir allt það sem kemur fram í reglugerðinni.

17,9% segja að ekki sé ljóst á heimasíðu skólans hver sitja í skólaráði og hvernig hægt sé að ná í þau, 5,4 segja að þar séu gamlar upplýsingar og 7,2% segja að það vanti netföngin. Þetta kemur ekki fram í reglugerðinni en er samt mjög mikilvægt að sé aðgengilegt enda verða foreldrar að geta haft samband við sína fulltrúa til þess að skólaráðið geti virkað eins og þau eiga að gera.

1. Hefur skóla- og frístundasvið gert sér greinin fyrir þessari stöðu og hversu alvarleg hún er?
2. Er einhver starfsmaður skóla- og frístundasviðs sem ber ábyrgð á því að fylgjast með því hvort skólaráðin starfi eftir lögum og reglum? Ef ekki teljið þið það nauðsynlegt?
3. Eru einhver viðurlög við því þegar skólaráðin starfa ekki samkvæmt lögum og reglum?
4. Er til einhver áætlun um inngríp ef skólaráðin starfa ekki samkvæmt lögum og reglum?
5. Nú þegar ljóst er hversu slæm staðan er verður eitthvað gert í því?
6. Í reglugerðinni kemur fram að fundargerðir skuli birtar á vef skólans en við hönnun vefsíðnanna var ekki gert ráð fyrir skólaráðunum og vantar þau ennþá á allmargar heimasíður. Hvers vegna var ekki gert ráð fyrir þeim í hönnunarferlinu?